

1. maí ávarp 2012

Vinna er velferð

Þetta er yfirskrift okkar innan ASÍ á ávarpi dagsins og okkur til umhugsunar í dag þegar svo margir félagar okkar víða um land hafa þurft að búa við þann veruleika sem atvinnuleysi er – sumir um langa hríð.

Margir hafa gefist upp og flutt til nágrennalandanna eða starfa í úthöldum í fjarbúð frá fjölskyldunni. Við þær aðstæður mikilvægt að átta sig á því að íslenska öryggisnetið heldur ekki lengur og það er okkar að bæta það.

Félagar framundan eru átök – sameinuð munum við sigra.....

Þetta voru lokaorð í 1. maí ávarpi félagsins fyrir ári síðan.

Hefur eitthvað breyst á þessu ári frá því að þessi orð voru flutt. Ja, tölur sýna að atvinnuleysi hefur minnkað en hvað liggur á bak við þær.

Eru fleiri fluttir úr landi? Eru fleiri búnir með atvinnuleysisbótaréttinn sinn og teljast því ekki lengur með, því þeir eiga ekki rétt til bóta og sjá því ekki ástæðu til að skrá sig?

Eru þeir sem áttu hlutarétt vegna minnkaðs starfshlutfalls hættir að skrá sig vegna breytinganna um áramótin á bótrétti þeirra? Eða hefur staðan í raun batnað?

Eða látum við blekkjast með tölulegum upplýsingum eins og svo oft áður.

Öryggisnetið okkar, velferðarkerfið sem við höfum fórnað svo miklu fyrir í gegn um tíðina er brothætt og var það umfjöllunarefni á ársfundi trúnaðarmanna félagsins í síðasta mánuði. Ekki síst ræddu trúnaðarmenn félagsins aðkomu verkalýðhreyfingarinnar að velferðarkerfinu – upphafi þess, þróun og hvernig því hefur vegnað.

Og það vekur athygli að í tveimur málaflokkum – þar sem verkalýðshreyfingin var skipulega útilokuð á árum frjálshyggjunnar,

húsnæðismálum þeirra efnaminni og málefnum atvinnulausra – farnast okkur ekki vel. Félagslegt húsnæði er varla til á landinu lengur – nema þá þær íbúðir sem sveitarfélög eiga og ráðstafa til einstakra fjölskyldna sem tímabundnu úrræði hverju sinni – en langtímaúrræði eins og buðust hér áður fyrr – finnast ekki lengur.

Hvað varðar málefni atvinnuleitenda þá var hin staðbundna þjónusta sem verkalýðshreyfingin annaðist, færð til Vinnumálastofnunar 2005 – en nú er að hefjast tilraunaverkefni m.a. með þátttöku AFLs þar sem þjónustan kemur til baka til félagsins og erum við stolt af því að taka við málaflokknum aftur og munum kappkosta að standa undir væntingum félaga okkar og reyndar hreyfingarinnar allrar því það verða aðeins fjögur tilraunaverkefni sett í gang og taka þau formlega gildi í dag – og ef vel tekst til má búast við að þjónusta við atvinnuleitendur komi að fullu aftur til verkalýðsfélaganna á hverjum stað.

Þetta ætti líka að vekja okkur til umhugsunar um að málefni okkar í verkalýðshreyfingunni snúast ekki bara um tímakaup og orlofshús heldur samfélagið allt og uppbyggingu þess.

Það hefur verið í tísku síðustu ár að halda því fram að verkalýðsfélög og forystufólk þeirra eigi að vera „ópólitísk“ - sem eru öfugmæli í sjálfu sér því öll hagsmunabaráttu og verkalýðsbaráttu ekki síst, er „pólitík“

En fólk kannski ruglar saman pólitík og flokkspólitík – og vill ekki tengja verkalýðsfélög við ákveðna stjórnmaflokka. En stjórnmal snúast um það að hafa áhrif á samfélagið og það er það sem verkalýðshreyfingin snýst um.

Næsta ár verður erfitt fyrir okkur öll. Baráttan um hagsmuni ólíkra hópa og sumir segja, auðævi Íslands, stendur nú sem hæst. Ríkisstjórnin stendur veik með nauman meirihluta og hvort heldur henni tekst að sitja út kjörtímabilið eða ekki, stefnir í harða kosningabaráttu á næstu mánuðum og misserum.

Í þeirri kosningabaráttu verður hart tekist á og ekki síst um þessa

miklu hagsmuni sem eru í umræðunni nú. AFL Starfsgreinafélag hefur fjallað um aðkomu forystufólks hreyfingarinnar að stjórnámálum og ársfundur trúnaðarmanna félagsins 2011 beinlínis hvatti til þess að verkalýðshreyfingin og forystumenn hennar gerðu sig gildandi í stjórn málaumræðu og þátttöku.

„Í húsi föður míns eru margar vistaverur“ segir í góðri bók, og ef við yfirfærum það á verkalýðshreyfingu þá rúmast innan hennar fólk allra flokka og með mjög mismunandi lífsgildi og stjórn mála skoðanir – en sem hefur það þó að sameiginlegri sýn – að vinna að því að skapa launafólki betri kjör og að leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið betra, auka á jöfnuð og stefna á réttlátara samfélag.

Saga Alþýðusambands Íslands var framan af, samofin stjórn mála sögu landsins og langt framundir níunda áratug síðustu aldar sátu nokkrir forystumanna hreyfingarinnar á þingi og þá fyrir mismundi flokka. Þá sóttist forysta hreyfingarinnar eftir áhrifum – hvar í flokki sem menn höfðu raðað sér.

Þetta þótti skila árangri því að eftir því sem fleiri áhrifamenn stjórn mála komu úr verkalýðshreyfingunni – því betur tókst okkur að fylgja stefnumálum okkar fram og það allar götur inn á þing og til ríkisstjórna.

Síðustu tvo áratugi eða svo hafa áhrif og völd verkalýðshreyfingarinnar innan stjórn mála nánast horfið – og kannski er það ekki óeðlilegt þegar horft er til þróunar samfélagsmála – en á fyrripart síðustu aldar var sennilega merkilegasta félagsmálastarf sem unnið var á landinu – unnið innan verkalýðshreyfingarinnar og þar fékk fjöldi fólks mikla þjálfun í faglegrum umfjöllun um samfélagsmál með þátttöku í umræðu og síðan stefnumótun.

Síðustu ár hefur þátttaka almennra félagsmanna dvínað – áhuginn minnkað og annað glepur. Á sama tíma hefur vel menntuðu fólk sem öðlast hefur áhuga og færni til þessara mála fjölgað með auknu menntastigi þjóðarinnar – og má segja að nýjir hópar hafi lagt stjórn mála sviðið undir sig.

Í efnahagshruninu röskuðust hagsmunir og staða ólíkra hópa innan samfélagsins breyttist. Baráttan nú er ekki síst barátta þeirra sem glötuðu hvað mestu í hruninu – barátta fyrir því að endurheimta fyrri stöðu – auð og áhrif.

Við fengum öll á okkur skell – sum okkar þyngri en aðrir og kannski í okkar augum var skellurinn þyngstur fyrir þá sem misstu atvinnuna – því atvinnuleysi ógnar heilsu fólks, efnahag og lífsgæðum.

En þeir hópar sem hafa gert sig mest áberandi og náð mestri athygli eru ekki að berjast fyrir hagsmunum atvinnulausra – eru ekki að berjast fyrir því að gripið verði til aðgerða sem komi hagkerfinu í gang að nýju og skapi hagvöxt þannig að unnt verði að byggja upp til framtíðar.

Háværasta umræðan í dag er um skuldir – og það virðist vera orðin einhver viðurkennd mýta í þjóðfélaginu í dag það sé sjálfsagt réttlæti að fella niður skuldir manna – og það helst að það eigi jafnt að ganga yfir línuna – að allir eigi að fá felldar niður skuldir. En þegar menn segja jafnt – þá er að sjálfsögðu átt við prósentutölu en ekki fjárhæð.

Þetta hljómar vel og hver vill ekki fá skuldir sínar felldar niður eða lækkaðar – það væri sennilega leitun að þeim sem ekki þiggur þannig gjafir.

En það hefur alveg gleymst að nefna það hver eigi að borga niðurfellingu skuldanna – það er ekki þægilegt umræðuefni. Menn ganga hér fram og í ræðum og riti segja að ekkert hafi verið gert fyrir fólkið í landinu – að fólkið í landinu eigi að fá felldar niður skuldir og eigi að fá hærri bætur, lægri vexti og borga lægri skatta.

Þetta hljómar allt vel og er líklegt til að afla ræðumanni vinsælda og viðkomandi er talinn maður fólksins í landinu – maður sem vill allt gera fyrir fólkið í landinu.

En sum mál standast ekki lengri skoðun – því til að afhenda fólkinu í landinu einhver gæði – fjármagn eða önnur verðmæti – þarf að taka þau sömu gæði af einhverjum öðrum. Og hverjum skildi vera

til að dreifa til að taka þessi gæði af – fólkinu í landinu. Það eru ekki aðrir til staðar til að greiða skatta eða leggja fram verðmæti en fólkið og fyrirtækin í landinu – þannig að til að aðstoða fólkið í landinu fjárhagslega þarf að skattleggja eða ganga á eignir fólksins í landinu.

Við sjáum öll að þetta er endaleysa og umræða sem er best til þess fallin til að slá ryki í augu fólks – en það er ekkert skrítið að þessi umræða eigi upp á pallborðið. Hagsmunir þeirra sem hæst flugu í góðærinu og mestu töpuðu af eignum og afkomu í hruninu – eru auðvitað þeir að þeim eignum sem þó eru til ennþá – verði skipt upp að nýju.

Hagsmunir þess sem mikið skuldar eru að sjálfsögðu að allar skuldir verði færðar niður um jafna prósentu og reikningurinn síðan sendur – hvert? Jú til fólksins í landinu – en það hentar ekki að segja það því fólkið í landinu vill gjarna þiggja en helst ekki borga og er það ekki skrítið.

En af hverju er þessi umræða svo allsráðandi og af hverju eiga þeir sem malda í móinn svo erfitt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það liggur fyrir skv. nýlegum tölum ríkisskattstjóra, hagstofu og seðlabanka að það var efsti tekjufimmtungurinn – fólk með yfir 500 þúsund krónur eftir skatta – sem tók á sig mest tekjutap og það er sami hópur og var skuldsettastur – hafði veðsett eigur sínar upp í topp og oft lengra til að viðhalda lífsstíl og til að fjárfesta í góðærinu.

Og úr hvaða tekjugeira kemur stærstur hluti þingmanna og hvaðan koma álitsgjafar fjölmiðla og þeir sem stjórna fjölmiðlum? Jú – helstu áhrifavalda samfélagsumræðu í dag eru úr þessum efsta tekjufimmtung og því er umræðan svo einlit og öfgakennd. Það er heil stétt fólks að berjast – ekki fyrir afkomu sinni heldur fyrir lífsstíl – ekki fyrir þaki yfir höfuðið heldur fyrir því að reyna að endurvinnna eignir sínar.

Reikningurinn verður sendur á launafólk – og það vitið þið sem hér eruð. Reikningarnir eru alltaf sendir á launafólk.

Því er mikilvægt í umræðu næsta árs að verkalýðshreyfingin hafi afskipti af stjórn mála umræðu sem víðast – inni í flokkunum og í grasrótarsamtökum og sem víðast – og að við reynum að koma sjónarmiðum okkar að – því ella er hætt á því að á næstu misserum verði sumu af fólkinu í landinu réttar miklar eignir – og sumu af fólkinu í landinu sendur reikningurinn fyrir.

Þið sem hér eruð getið síðan reynt að giska á hvort verkafólk á landsbyggðinni er líklegra til að vera í hópnum sem þiggur eða hópnum sem borgar.

Umræða um fiskveiðistjórnun og auðlindagjald hefur farið hátt síðustu mánuði – og þar er einnig tekist á um hagsmuni. Útgerðarmenn og handhafar kvóta verja stöðu sína en aðrir sem vilja fá aðgang að miðunum sækja á og stjórn málamenn sjá góða stöðu sjávarútvegs og vilja sneið af kökunni í formi auðlindaskatts.

Í þessa umræðu blandast svo tilfinningaþrungin umræða með skírskotun til réttlætis og fólk sem hefur aldrei haft minnstu afskipti af fiskveiðum eða vinnslu krefst þess að aflahlutdeildir séu gerðar upptækar og það í nafni réttlætis. Ef það er óréttlæti að 2% þjóðarinnar hafi aðgang að fiskveiðum – ýmist sem handhafar kvóta eða sem sjómenn á skipum sem veiða þennan kvóta – þá vaknar spurning hvort réttlætið verður meira ef 4% fá þennan aðgang – eða 10% þjóðarinnar. Er meiningin að réttlætið verði ekki fullkomið fyrir en öll þjóðin getur róíð til fiskjar hvenær sem fólki dettur það í hug?

En málið er grafalvarlegt – í fyrsta lagi þá eru hin hefðbundnu fiskvinnslufyrirtæki burðarásar hvert í sínu byggðarlagi og menn geta haft ólíkar skoðanir á þessum fyrirtækjum – hvort þau eru góð og vel rekin eða ekki – en það breytir ekki því að minni byggðarlög standa og falla með sínum fyrirtækjum og vanhugsáðar aðgerðir geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu heilla byggðalaga.

AFL Starfsgreinafélag hefur ályktað um a þau frumvörp sem liggja fyrir alþingi núna – og félagið mótmælir harðlega þeim tilflutningi á kvóta sem fyrirhugaður er frá hefðbundnum útgerðarfyrirtækjum til

strandveiði-og annarra „ráðherraúthlutunarpotta“.

Félagið hefur bent á nokkur atriði máli sínu til stuðnings og hið fyrsta er það sem nefnt var að framan – að enn frekari skerðing á kvóta hefðbundinna fyrirtækja ógnar afkomu heilla byggðalaga og við vitum öll að hér á Austurlandi eru vinnslur sem vinna á mjög skertum afköstum – einfaldlega af því fyrirtækin hafa ekki kvóta til að keyra húsin á fullum afköstum – og enn frekari skerðingar geta leitt til þess að einhverjum vinnslum verði einfaldlega lokað.

Við höfum líka bent á að með því að beina fiskveiðum í óhagkvæmari einingar sem krefjast meiri mannafla og meiri fjárfestinga mun þjóðin öll þurfa að þola skerðingu lífskjara því lífskjör þjóðarinnar eru í nánast beinu sambandi við framleiðni í sjávarútvegi og þykir það ekki flókin hagfræði – þar sem sjávarútvegur er mikilvægasta útflutningsgrein okkar og sú sem skapar mestan virðisauka.

Þá hefur AFL og bent á að á minni skipum og bátum eru ekki gildandi kjarasamningar og við getum ekki mælt með uppgangi atvinnugreinar þar sem því miður er allt of mikið af grófum brotum á réttindum launafólks og það nýtur lakari kjara og lélegri trygginga en almennt gerist á sjó.

Það má og benda á að það hljómar fyrir okkur mjög sérstakt að flytja kvóta frá skipum þar sem menn hafa atvinnu og fjölskyldur og byggðarlög byggja afkomu sína á - til veiða sem eru opnar öllum – og þar með talið hálaunamönnum úr öðrum stéttum sem nota sumarleyfi sín til að stunda strandveiðar nánast eins og hvert annað sport.

Hvað varðar auðlindarskattinn hefur almenna umræðan snúist um það að hann verði fyrst og fremst landsbyggðarskattur. Sé það rétt er krafan um að hann verði eftir á landsbyggðinni réttmæt og að honum verði varið til atvinnuuppbyggingar, í samgöngubætur og það sem snýr að viðkomandi byggjarlögum og íbúum þeirra.

Almennt verður á líta svo á að hóflegur auðlindarskattur sé eðlilegur

við nýtingu auðlinda þjóðarinnar.

AFL leggur í sjálfu sér ekki mat á þær stærðir sem nefndar eru í frumvarpinu en hvetur stjórnvöld til að stilla skattheimtu þannig að það hamli ekki endurnýjun og fjárfestingu í greininni

Endurskoðun kjarasamninga fer fram janúar á næsta ári. Litlar líkur eru á að forsendur þeirra mundi standast þau skilyrði sem samningarnir gera ráð fyrir.

Mögulega munu samningsaðilar bregðast við með að treysta forsendur þeirra með því að bæta inn í samningana.

Hinn möguleikinn er uppsögn samninga.

Við þurfum við að vera tilbúin að sameina krafta okkar undir merkjum félagsins áður en við mætum að samningaborðinu bæði til að standa vörð um kjör okkar og vegna annarra sameiginlegra hagsmuna.

Af nógu er að taka í þeim efnum eins og rakið hefur verið hér að framan.